8. nóvember 2023

# Mikilvægum áföngum lokið

## Ný rekstrareining kynnt til leiks

Árshlutauppgjör 3F 2023




vodafone | visir | SPORT | já | BYLGJAN 989 | FM957 | X 977 | ENDOR

## FRÉTTIR AF STARFSEMI

FJÁRHAGSUPPGJÖR

REKSTRAREININGAR OG HORFUR

# GÓÐ AFKOMA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2023

- Sterk rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2023. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 592 m.kr. og eykst um tæp 22% á milli ára. Hagnaður eftir skatta 321 m.kr.
- Góð tekjuaukning af auglýsingasölu og hjá Endor. Hóflegur vöxtur af kjarnastarfsemi. Heildartekjur 5.730 m.kr. á 3F ársins samanborið við 5.501 m.kr á sama tímabili í fyrra
- Ný rekstrareining “Vefmiðlar og útvarp” verður til í kjölfar kaupa á Já.is. Þar undir fellur rekstur Vísis og tengdra vefsíðna, rekstur Bylgjunnar og annarra útvarpsstöðva, auk hlaðvarpsveitunnar Tal ásamt Já.is, Bland og tengdra vörumerkja.
- Stöð 2 verður sjálfstæð rekstrareining og heldur áfram að sýna gæðaefni með áherslu á innlenda framleiðslu
- Fréttastofa Vísis, Stöðvar 2, og Bylgjunnar starfar þvert á þessar rekstrareiningar
- Skipulagsbreytingarnar eru hluti af vegferð félagsins að auka hagræði og um leið sjálfstæði, skerpa á sýnileika og skilgreina ábyrgð hverrar rekstrareiningar
- Rekstrarkostnaður áfram stöðugur þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir í ytra umhverfi. Kostnaður við erlenda sýningarrétti heldur áfram að lækka sem skapar hagræði ásamt hagstæðum samningum við lykilbirgja
- Regluleg endurkaup eigin bréfa ákveðin, að hámarki 300 m.kr.

# SALAN Á STOFNNETINU SAMÞYKKT

- Kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar voru samþykkt án skilyrða af SKE þann 28. september sl.
- Afhending og fyrsta greiðsla fóru fram 4. október og greiðast eftirstöðvar á 6-12 mánuðum. Bókhaldslegt uppgjör fer fram á 4. ársfjórðungi
- Kaupverð er 3.000 m.kr. og verður bókfærður söluhagnaður um 2.400 m.kr. Engin leiguskuldbinding myndast
- Fjárfestingaþörf lækkar um 120 m.kr. og rekstrarkostnaður um rúmlega 100 m.kr. á ári. Munu þau áhrif koma fram að fullu rekstrarárið 2024
- Tilfærsla á starfsmönnum og eignum hefur gengið vel og full rekstrarsamfella tryggð
- Gera má ráð fyrir að andvirði viðskiptanna verði ráðstafað til hluthafa og til lækkunar skulda



# KAUPIN Á JÁ SAMÞYKKT

- Kaup Sýnar á rekstri Já var samþykkt af SKE þann 5. október sl. og kemur Já inn í rekstur félagsins á fjórða ársfjórðungi
- Áætlað er að með kaupunum muni velta félagsins aukast um rúmlega 500 m. kr. á ári og EBIT aukast um 60 m.kr. án tillits til samlegðaráhrifa
- Já verður hluti af nýrri sjálfstæðri rekstrareiningu félagins, „Vefmiðlar og útvarp“, sem styrkir enn frekar öflugustu auglýsingaeiningu landsins

# VEFMIÐLAR OG ÚTVARP

| Vodafone | Stöð 2 | Vefmiðlar og útvarp | Innviðir | Endor ehf. |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Fjarskipti heimila og fyrirtækja | Innlend dagskrárgerð | Útvarpsmiðlar | Farsímakerfi | Allsherjar upplýsingatækni |
| IoT (Hlutanet) | Íþróttaframleiðsla | Vefmiðlar | IPTV kerfi Loftdreifing | Kerfisþjónusta |
| Sjónvarpsþjónusta | Streymisveita | Auglýsingasala | Heildsala | Lausnasala |
| Verslanir | Fréttir | Vöruleit | Reiki | Gagnaversrekstur |
| | | Fréttir | | |

Áskriftir (Vodafone, Stöð 2)

Auglýsingar (Vefmiðlar og útvarp)

# VEFMIÐLAR OG ÚTVARP

- Ný rekstrareining sem sameinar vef- og útvarpsmiðla félagsins: Vísir og tengdar vefsíður, Bylgjan og aðrar útvarpsstöðvar og hlaðvarpsveitan Tal ásamt Já.is, Bland og tengdum vörumerkjum
- Gert er ráð fyrir að árleg velta verði í kringum 3 ma. kr.
- Auglýsingatekjur á vefmiðlum og útvarpi hækkuðu um 12,5% á 3F samanborið við sama tímabil í fyrra, án áhrifa frá Já.is
- Samþætting Já og tengdra rekstrareininga við vef- og útvarpsmiðla Sýnar mun styrkja vöruframboð verulega og auka auglýsingapláss á vefmiðlum

**94,4%**

landsmanna á aldrinum 18-80 ára nota vef- og útvarpsmiðla okkar vikulega

Heimild: Fjölmiðlamælingar Gallup, þriðji ársfjórðungur 2023.

**85,7%**

Vikuleg dekkun á Vísir í 18-80 ára

Heimild: Fjölmiðlamælingar Gallup, þriðji ársfjórðungur 2023.



**69,5%**

landsmanna á aldrinum 18-80 ára hlusta á Bylgjuna, FM957 og X977 í hverri viku

Heimild: Fjölmiðlamælingar Gallup, þriðji ársfjórðungur 2023.

**23,2%**

landsmanna á aldrinum 18-80 ára nota Já.is vikulega

Heimild: Fjölmiðlamælingar Gallup, þriðji ársfjórðungur 2023.

# BREYTT SKIPULAG MIÐLA



**Stöð 2**

Eva Georgs Ásudóttir

2 SPORT



**Vefmiðlar og útvarp**

Vilborg H. Harðardóttir

vísir já BLAND Spara

BYLGJAN 989 FM957 X 97.7



**Fréttastofa Vísis, Stöðvar 2 og Bylgjunnar**

Erla Björg Gunnarsdóttir

FRÉTTIR AF STARFSEMI

# FJÁRHAGSUPPGJÖR

REKSTRAREININGAR OG HORFUR

# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

## 3F OG 9M 2023

+0,2%

**Tekjur 9M**
**17.222 m.kr.**

3F 2023
5.730 m.kr.
+4,2%

+31,8%

**EBIT 9M**
**1.594 m.kr.**

3F 2023
592 m.kr.
+21,8%

+77,1%

**Afkoma 9M**
**804 m.kr.**

3F 2023
321 m.kr.
+77,6%

# REKSTRARREIKNINGUR

| | 3F 2023 | 3F 2022 | % br. | 9M 2023 | 9M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5.730 | 5.501 | 4,2% | 17.222 | 17.192 | 0,2% |
| Kostnaðarverð | -3.594 | -3.480 | 3,3% | -10.925 | -11.270 | -3,1% |
| **Framlegð** | **2.136** | **2.021** | 5,7% | **6.298** | **5.922** | 6,3% |
| Rekstrarkostnaður | -1.544 | -1.535 | 0,6% | -4.704 | -4.713 | -0,2% |
| **EBITDA** | **1.668** | **1.799** | -7,3% | **4.746** | **5.116** | -7,2% |
| **EBIT** | **592** | **486** | 21,8% | **1.594** | **1.209** | 31,8% |
| Hrein fjármagnsgjöld | -265 | -272 | -2,7% | -771 | -640 | 20,5% |
| Tekjuskattur | -6 | -33 | -81,5% | -19 | -115 | -83,4% |
| **Hagnaður** | **321** | **181** | 77,6% | **804** | **454** | 77,1% |
| | | | | | | |
| *Framlegð* | *37,3%* | *36,7%* | | *36,6%* | *34,4%* | |
| *EBITDA* | *29,1%* | *32,7%* | | *27,6%* | *29,8%* | |
| *EBIT* | *10,3%* | *8,8%* | | *9,3%* | *7,0%* | |

## Helstu þættir sem hafa áhrif á 3F og 9M 2023

- Tekjur aukast um rúmlega 4% á þriðja ársfjórðungi 2023 sem skýrist helst af vexti í fjölmiðlun og hjá Endor
- Stöðugur rekstrarkostnaður á milli ára. Áhersla á rekstrarhagræði. Tilfærsla á kostnaði yfir í KSV vegna alrekstrarsamnings við Endor
- Afkoma Endor sterk á þriðja ársfjórðungi og verulegur tekjuvöxtur miðað við sama tímabil í fyrra
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 592 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2023 og hækkar um tæplega 22% á milli ára. Fyrir 9M, eykst EBIT um 385 m.kr. á milli ára, eða um tæp 32%
- Fjármagnsgjöld hækka í takt við hækkandi fjármagnskostnað. Gengishagnaður á 3. ársfjórðungi útskýrir nettó lækkun á hreinum fjármagnsgjöldum miðað við sama tímabil í fyrra

*Fjárhæðir eru í milljónum króna

# TEKJUSTRAUMAR

| | 3F 2023 | 3F 2022 | % br. | 9M 2023 | 9M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjölmiðlun | 2.221 | 2.099 | *6%* | 6.613 | 6.353 | *4%* |
| Internet | 1.092 | 1.097 | *0%* | 3.296 | 3.328 | *-1%* |
| Farsími | 1.287 | 1.263 | *2%* | 3.732 | 3.946 | *-5%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | | | | *3.732* | *3.573* | *4%* |
| Fastlína | 111 | 119 | *-7%* | 338 | 370 | *-9%* |
| Hýsingar- og rekstrarlausnir | 557 | 386 | *44%* | 1.761 | 1.715 | *3%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | | | | *1.761* | *1.212* | *45%* |
| Vörusala | 266 | 307 | *-13%* | 878 | 904 | *-3%* |
| Aðrar tekjur | 196 | 230 | *-15%* | 605 | 576 | *5%* |
| Samtals tekjur | 5.730 | 5.501 | *4%* | 17.222 | 17.192 | *0%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | | | | *17.222* | *16.316* | *6%* |

**Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Fjölmiðlun

Áframhaldandi vöxtur í auglýsingatekjum sem aukast um 11,5% á milli 3F 2023 og 3F 2022. Vísir og útvarp halda áfram miklum vexti en nokkuð hóflegri vöxtur er í auglýsingatekjum sjónvarps. Aðrar fjölmiðlunartekjur haldast í heildina stöðugar á milli ára

## Internet

Tekjur af interneti eru stöðugar á milli ársfjórðunga. Fyrirtækjatengingar vaxa um 4% á milli ársfjórðunga

## Farsími

Farsímatekjur hækka um rúm 2% á milli ársfjórðunga. Tekjur af gestareiki hækka um 21%. Óreglulegar tekjur á fyrri hluta árs 2022 lita samanburð á milli 9M 2023 og 9M 2022

## Hýsingar- og rekstrarlausnir

Öflugur tekjuvöxtur upp á 44% á milli 3F 2023 og 3F 2022. Samanburður á milli ára fyrir fyrstu 9m ársins litast af gegnumstreymis tekjum vegna erlendra verkefna á sama tíma í fyrra

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir

| | 30.9.2023 | 31.12.2022 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Leigueignir | 7.991 | 8.620 | *-7%* |
| Rekstrarfjármunir | 3.013 | 2.866 | *5%* |
| Viðskiptavild | 8.895 | 8.906 | *0%* |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.645 | 4.389 | *6%* |
| Langtímaleigukröfur | 148 | 157 | *-6%* |
| Eignarhlutur í félögum | 185 | 185 | *0%* |
| Tekjuskattsinneign | 140 | 158 | *-11%* |
| **Samtals** | **25.016** | **25.281** | *-1%* |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Sýningarréttir | 1.807 | 1.809 | *0%* |
| Birgðir | 917 | 559 | *64%* |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr. | 3.609 | 3.650 | *-1%* |
| Handbært fé | 404 | 2.063 | *-80%* |
| **Samtals** | **6.737** | **8.081** | *-17%* |
| Eignir flokkaðar til sölu | 564 | 564 | *0%* |
| **Eignir samtals** | **32.317** | **33.926** | *-5%* |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Skuldir og eigið fé

| | 30.9.2023 | 31.12.2022 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé samtals** | **9.049** | **9.469** | *-4%* |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 4.542 | 4.801 | *-5%* |
| Leiguskuldbindingar | 11.462 | 11.820 | *-3%* |
| **Samtals** | **16.005** | **16.621** | *-4%* |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 1.288 | 373 | *245%* |
| Leiguskuldbindingar | 1.051 | 1.295 | *-19%* |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask. | 4.924 | 6.168 | *-20%* |
| **Samtals** | **7.265** | **7.836** | *-7%* |
| **Eigið fé og skuldir** | **32.317** | **33.926** | *-5%* |

| | | |
|---|---|---|
| *Vaxtaberandi skuldir* | *18.344* | *18.289* |
| *Hreinar vxt.ber. skuldir* | *17.940* | *16.226* |
| *Eiginfjárhlutfall* | *28,0%* | *27,9%* |

# SJÓÐSTREYMI







Helstu þættir í breytingu á frjálsu fjárflæði á milli ára:

- Hagstæðir einskiptis samningar við lykilbirgja sem skila hagræði. Einskiptisáhrifa á sjóðstreymi mun gæta út 2023
- Kröftugar fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum á fyrstu 9M 2023
- Lækkun á fjárfestingum í sýningarréttum samanborið við fyrra ár

| | 3F 2023 | 3F 2022 | % br. | 9M 2023 | 9M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 1.316 | 1.490 | *-12%* | 3.861 | 4.604 | *-16%* |
| Fjárfestingahreyfingar | -945 | -842 | *12%* | -3.166 | -2.673 | *18%* |
| **Frjálst fjárflæði** | **371** | **648** | *-43%* | **696** | **1.931** | *-64%* |

**Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# EFNAHAGUR - LYKILMÆLIKVARÐAR

## Eiginfjárhlutfall**




## Veltufjárhlutfall */**




*Veltufjármunir / viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum

## Hreinar vaxtaberandi skuldir




**Kaup á eigin bréfum á árinu 2022 og fyrri helmingi ársins 2023 hafa áhrif á samanburð á eiginfjár- og veltufjárhlutfalli við stöðuna í lok árs 2021

FRÉTTIR AF STARFSEMI

FJÁRHAGSUPPGJÖR

**REKSTRAREININGAR OG HORFUR**

# INNSÝN Í REKSTRAREININGAR



vodafone

# NÝJAR VÖRUR FYRIR EINSTAKLINGA

**Nýir áskriftarpakkar** Vodafone

- Sala á nýjum áskriftarpökkum Vodafone sem kynntir voru í haust hefur gengið vel

**Snjallheimsókn** ný þjónusta Vodafone

- Einstaklingar geta pantað heim Snjallhetju sem veitir sértæka tæknilega ráðgjöf og bestun á netgæðum heimilisins
- Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu fyrir öll heimili
- Vodafone er eina fjarskiptafélagið sem býður slíka þjónustu og hafa viðtökur verið mjög góðar



# TÖKUM ÞÁTT Í MIKILVÆGUM VERKEFNUM

**Landssöfnun** fyrir Grensás

- Vodafone var lykilsamstarfsaðili í söfnuninni og sá um fjarskiptaþjónustuna við símasöfnunina
- Alls söfnuðust 147 milljónir til kaupa á tækjum fyrir nýtt húsnæði Grensás

**Háhraðaherbergi** hjá Arena

- Vodafone opnaði fyrsta háhraða herbergið á Íslandi fyrir rafíþróttafólk
- Herbergið er með öflugri nettengingu ásamt heimsklassa leikjatölvum
- Vodafone hélt sérstakan viðburð fyrir aðstandendur leikjaspilara








# IDOL FER Í GANG

- Fyrsti þáttur af Idol fer í loftið 24. nóvember
- Leikna þáttaröðin Svo lengi sem við lifum eftir Anítu Briem var frumsýnd í október og hefur fengið mjög góðar viðtökur
- Áhersla á öfluga íslenska íþrótta umfjöllun
  - Íslenskir þættir um NFL og NBA deildirnar sýndir vikulega og meira efni væntanlegt
- Landsleikirnir í opinni dagskrá
- Nýtt útlit Stöðvar 2 farið í loftið og ný umgjörð um Fréttir kynnt á næstu dögum
- Áframhaldandi þróun á viðmóti Stöðvar 2
- Einstakt framboð á efnisveitunum Stöð 2+ og Viaplay



# UPPBYGGING Á VERÐMÆTUM INNVIÐUM

- Afhending á stofnneti til Ljósleiðarans
- 5G uppbygging á fullu. Búið að gangsetja 130 farnetssenda hérlendis og stefnt á að vera komin upp í 200 í lok 2024
- Stækkanir á gagnasamböndum til útlanda vegna aukinnar eftirspurnar
- Bjóðum heimilum og fyrirtækjum upp á allt að 10G gagnatengingar, um 130 þúsund heimili og fyrirtæki hafa möguleika á að tengjast
- Útfösun á 2G og 3G tækni. Stefnt á að verði lokið í lok Q2 2025



ENDOR

# ÖFLUGUR TEKJUVÖXTUR

- Góður tekjuvöxtur á 3. fjórðungi ársins
- Áframhaldandi góður gangur í sölu miðlægra lausna með fjölgun stórra viðskiptavina
- Reglulegar þjónustutekjur á góðum stað
- Partner of the Year viðurkenning frá Nutanix fyrir markaðssvæði Danmörk, Ísland, Færeyjar og Grænland



# HORFUR 2023

- Óbreytt afkomuspá, EBIT 2.200 - 2.500 m.kr. fyrir utan einskiptishagnað vegna sölu á stofnneti. Samkvæmt mati stjórnenda má búast við að niðurstaðan verði nær neðri mörkum
- Gert áfram ráð fyrir hóflegum tekjuvexti í kjarnastarfsemi á 4. ársfjórðungi
- Áfram áhersla á hagræðingu í erlendum efniskaupum fyrir næsta ár en krafturinn settur í innlenda dagskrárgerð
- Ný rekstrareining með vef- og útvarpsmiðlum félagsins mikilvægur liður í stefnuáherslum félagsins
- Regluleg endurkaup eigin bréfa ákveðin, að hámarki 300 m.kr.

# Spurningar?

Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is

© Sýn 2023

# FYRIRVARI Á UPPGJÖRSKYNNINGU

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.